

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta (I)).

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004, um samræmingu almannatryggingakerfa, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 988/2009 frá 16. september 2009, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og um að ákveða efni viðaukanna við hana, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa, skulu öðlast gildi hér á landi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (félagslegt öryggi) og bókun 37 við EES-samninginn, sbr. einnig 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið með síðari breytingum og bókun 1 við EES-samninginn.

Reglugerðirnar skulu gilda með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

2. gr.

Reglugerðirnar skv. 1. gr. taka til eftirtalinna málefna, sbr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004:

- a) sjúkrabóta,
- b) bóta til mæðra vegna meðgöngu og fæðingar og jafngildra bóta til fedra,
- c) örorkubóta,
- d) bóta vegna elli,
- e) bóta til eftirlífenda,
- f) bóta vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma,
- g) styrkja vegna andláts,
- h) atvinnuleysisbóta,
- i) bóta sem eru veittar áður en eftirlaunaaldri er náð,
- j) fjölskyldubóta.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins og ríkisskattstjóri eru samskiptastofnanir, sbr. 1. gr. b reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009, varðandi þau málefni sem þeim hafa verið falin með lögum og talin eru upp í 2. gr., að því er varðar þau málefni sem fjármálaráðuneytið fer með.

4. gr.

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um gildistöku reglugerðanna að því er varðar þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. og fjármálaráðuneytið fer með.

Í reglugerð nr. 442/2012 er kveðið á um gildistöku reglugerðanna að því er varðar önnur þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. og velferðarráðuneytið fer með.

5. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 54, frá 6. október 2011, bls. 46, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 19, frá 29. mars 2012, bls. 23, nr. 988/2009, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 12, frá 1. mars 2012, bls. 26, og nr. 987/2009, sem birt er í EES-viðbæti nr. 7, frá 2. febrúar 2012, bls. 266, eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð velferðarráðuneytisins nr. 442/2012.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og A-lið 68. gr. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 2012.

Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 589/2000, 590/2000, 830/2000, 882/2001, 523/2002, 357/2003, 781/2004, 12/2006, 468/2007, 791/2007, 473/2008 og 900/2008.

Fjármálaráðuneytinu, 21. maí 2012.

F. h. r.

Hafdís Ólafsdóttir.

Haraldur Steinþórsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 22. maí 2012